

Orlof húsmæðra

Kt. 590706-1590

Ársreikningur 2025

***Fjárheimar ehf.
Eyrarvegur 37
800 Selfoss***

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Orlof húsmæðra byggir á lögum nr. 53 / 1972.

Stærsta verkefni Orlofs húsmæðra er að koma á fót og sjá um Orlof húsmæðra í samræmi við lög og reglur.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Orlofs húsmæðra staðfestir hér með ársreikning félagsins vegna ársins 2025 með áritun sinni.

Selfossi 27. febrúar 2026

Áritun skoðunarmanna.

Við kjörnir skoðunarmenn fyrir Orlof húsmæðra hefur yfirfarið ársreikning félagsins ársins 2025. Við höfum skoðað bókhald félagsins og sannreynt bankainnistæður.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum til að reikningarnir verði samþykktir.

Selfossi 5 mars 2026.

Helga Baldursdóttir

Búi Þingeyisdóttir

Áritun skoðunarmanns

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Orlof húsmæðra, árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.


Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum.

Við gerð ársreiknings gerðum við athuganir á bókhaldsgögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Selfossi 27. febrúar 2026

Fjárheimar ehf.


Margrét Katrín Erlingsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur frá sveitarfélögum		4.171.119	3.854.550
Innborguð staðfestingargjöld,		4.282.000	4.322.400
		<u>8.453.119</u>	<u>8.176.950</u>
Rekstrargjöld			
Póstburðargjöld		0	5.550
Ritföng			2.499
Auglýsingar		104.098	93.000
Hótel		7.262.260	6.699.015
Rúta			342.000
Annar kostnaður v. Orlofs		1.119.781	492.810
Fundarkostnaður		83.869	73.330
Styrkir í önnur orlof		50.000	200.000
Reikningsskil		71.292	61.380
		<u>8.691.300</u>	<u>7.969.584</u>
Rekstrarhagnaður		(238.181)	207.366
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		88.823	155.476
Bankakostnaður		(20.567)	(37.117)
		<u>68.256</u>	<u>118.359</u>
Hagnaður (tap) ársins		(169.925)	325.725

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
Veltufjármunir			
0325-26-175		139.051	118.906
0325-13-300902		2.003.981	2.209.687
0152-15-380945 minningasjóður		342.481	326.845
Sjóður		4.883	4.883
		<u>2.490.396</u>	<u>2.660.321</u>
Eignir samtals		<u>2.490.396</u>	<u>2.660.321</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi tímabils		2.660.321	2.334.596
Rekstrarhagnaður (rekstartap)		(169.925)	325.725
		<u>2.490.396</u>	<u>2.660.321</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.490.396</u>	<u>2.660.321</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>

kostnaður orlof.

332.000.- Hladagisverður í Smaradali

386.000.- Ríta í dagfend.

145.585.- Lavasetur á Hvalsvelli

50.000.- Fyrirbætur frá

Samskiptabodo ríð. chf.

Orlof húsmæðra rekstur 2025

tekjur

Árborg	1.889.826
Ásahreppur	46.838
Bláskógabyggð	213.357
Flóahreppur	113.728
Grímsnes	90.074
Hrunamannahr.	143.178
Hveragerði	516.945
Rangárþing eystra	324.735
Rangárþing ytra	303.901
Skeiða og Gnúpverjahr.	96.653
Ölfus	431.884
4.171.119	

8.453.119

Innb.þáttgj.	4.732.000	(450.000)	4.282.000
--------------	-----------	-----------	------------------

Vaxtatekjur	68.507	20.046	270	88.823
-------------	--------	--------	-----	---------------

Gjöld:

samtals

önnur orlof	50.000				50.000
Rúta					-
Hótel Ör	7.262.260				7.262.260
Hlynur	120.000				120.000
Prentun/auglýsingar	21.080	83.018			104.098
fundakostnaður	15.426				15.426
fundakostnaður	12.570	16.194	20.205	19.474	68.443
vinnngar	15.014	20.682			35.696
ritföng					-
frímerki					-
*Kostnaður orlof	332.500	386.000	195.585	50.000	964.085
kostnaður banki					-
Styrkur í önnur orlof					-
Reikningsskil	71.292				71.292
fjármagnstekjusk.	15.072	4.410	59	1.026	20.567
8.711.867					

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

28.04.2026

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2026, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2026 skv. upplýsingum af heimasíðu Þjóðskrár. Talan sem reiknað er út frá, árið 2026 er kr. 164,78.-

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2025 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu



Erla Þorsteinsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

Kvenfélagasambands Íslands

Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Sambands sunnlenskra kvenna

Félags og húsnæðismálaráðuneytið

Skýrsla orlofsnefndar 2025

Orlofsnefndir Árnessýslu og Rangárvallasýslu starfa í raun sem ein nefnd og kom hún fimm sinnum saman á árinu 2025 til skipulagningar og ráðagerða, en þess utan voru mikil tölvusamskipti. Þar eð fyrri orlofsdagar á Hótel Örk höfðu heppnast vel, var ákveðið að vera þar aftur. Eftir að búið er að ákveða dagsetningar og semja við hótelið felst vinna nefndarinnar í því að útbúa auglýsingar og koma þeim í blöðin, taka við pöntunum og halda utan um þær sem og greiðslur og ekki síst að raða öllum konunum niður í herbergi við hæfi hverrar og einnar. Einnig þarfað ákveða matseðil, skipuleggja dagskrá hvers dags, fá utanaðkomandi aðila til að hafa fræðsluerindi og skemmtiatriði, afla bingóvinninga, skipuleggja dagsferð og panta rútur fyrir hana, semja við fyrirtæki og veitingastaði.

86 konur tóku þátt í húsmæðraorlofinu 28. september – 2. október 2025 og tókst það með ágætum. 85 konur fóru í dagsferðina en þá var ekið austur í Hvolsvöll, eldfjalla- og jarðskjálftasýningin í Lava center skoðuð, snæddur hádegisverður í Smáratúni í Fljótshlíð, haldið á Breiðabólstað þar sem sr. Kristján Arason sýndi kirkjuna og að lokum farið í Sagnagarðinn í Gunnarsholti á Rangárvöllum þar sem Birkir Snær Fannarsson veitti athyglisverðan fróðleik um landgræðslu og þáðar voru veitingar.

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir hjúkrunarfræðingur, sem hélt erindi um einmanaleikann, hrósaði orlofsnefndinni fyrir það framtak að skipuleggja svona samveru til að sporna við einmanaleikanum og það sýndi að okkar orlof er svo sannarlega í takt við tímann.

F.h. orlofsnefndar,
Arndís Fannberg.